

# ANNAR TÓN

SÁLIN hans Jóns míns er líklega vinsælasta poppsveit landsins um þessar mundi og hefur verið síðustu tvö ár. Fyrir síðustu jóla kom frá sveitinni breiðskífan Hvar er draumurinn, sem seldist í risaupplagi og fyrir stuttu átti sveitin tvö lög á safnplötunni Bandalög 2.

**G**uðmundur Jónsson sagði í viðtali fyrir jóla að hann væri búinn með allt lagasafn sitt; hann væri þurrausinn í bili og hefði ekki tíma til að semja meira. Það liggur því beint við að spyrja hann hvort hann sé farinn að semja á ný.

„Við tókum okkur smá frí í janúar og fram í byrjun febrúar og þá settist ég niður og byrjaði að semja.“

Annað lagið ykkar á Bandalögum 2, Ekki, stingur í stúf við það sem þig hafið áður sent frá ykkur.



Morgunblaðið/Árni Sæberg  
**Sálin** Hvílum okkur og þjóðina.

„Það var ákveðið með stuttum fyrirvara að við yrðum með lög á þessari safnplötu. Við vorum með sex eða sjö lög sem við völdum úr og okkur langaði að senda frá okkur rólegt lag. Útsetningin er nokkuð öðruvísi en áður; við vildum reyna að finna annan tón. Menn mega þó ekki halda að við séum að fara í Barry Manilow stílinn.“

Ég er ánægður með Ekki rólega lagið, en hitt lagið, sem er dæmigerðara fyrir okkur, hefði ég viljað gera öðruvísi, en þetta er sjálf-sagt skólabókardæmi um það þegar menn eru að flýta sér.“

Hvað er framundan?

„Ég veit ekki hvenær við förum aftur í hljóðver, en það kemur ekki plata frá okkur fyrir næstu jóla. Við ætlum að taka okkur frí í vetur, hvíla okkur og þjóðina.“